

Fjölbreytni í forystu

15. maí 2009 undirrituðu Félag kvenna í atvinnurekstri, Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og CreditInfo eftirfarandi samstarfssamning sem allir stjórnaráðgjafar sem eiga sæti á Alþingi studdu:

FKA
Félag kvenna í atvinnurekstri


VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS


SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

 **CREDITINFO**
- forskot í krafti þekkingar


AUÐUR
í krafti kvenna

FKA - Félag kvenna í atvinnurekstri, Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og LeiðtogaAuður telja nauðsynlegt að efla hlut kvenna í stjórnun íslensks atvinnulífs enda verður íslenska þjóðin að nýta mannauð sinn til fulls.

Á næstu fjórum árum munu þessir aðilar hvetja til þess og leggja ríka áherslu á að konum í forystusveit íslensks viðskiptalífs verði fjölgað þannig að hlutfall hvors kyns verði ekki undir 40% í lok árs 2013.

Með þessu tekur viðskiptalífið sjálft ábyrgð og forystu í þessu brýna hagsmunamáli.

Við undirrituð fyrirtæki styðjum ofangreindan samning og stefnum að því að ná takmarki hans fyrir árslok 2013

Reykjavík 10. febrúar 2010
